

Nr. 1582

10. desember 2020

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, nr. 118/2011.

1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir vatnsgjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengast Vatnsveitu Hveragerðis, sbr. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Vatnsgjaldið, ásamt öðrum tekjum vatnsveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,02% af fasteignamati fasteigna í A-flokki.

Árlegt vatnsgjald í Hveragerði er 0,17% af fasteignamati fasteigna í B- og C-flokki.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði er kr. 13,50 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga er:

Mælaleiga fyrir minni en 50 mm, kr. 7.900.

Mælaleiga fyrir stærri en 50 mm, kr. 31.000.

3. gr.

Pannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. desember 2020, sbr. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 10. desember 2020.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. febrúar 2021